

Fundargerð 21. Skautapings ÍSS 2020

Fundarstjóri	Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK
Fundarritari	Ingibjörg Pálsdóttir
Staðsetning	Húsnæði ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Dagsetning	13. september 2020
Fundartími	11:30-16:00

Mál nr.	Dagskrá: Umræða, ákvarðanir, niðurstaða
1	Þingsetning : Guðbjört Erlendsdóttir, formaður stjórnar, setur þingið. Gerir grein fyrir starfi sambandsins sl ár, helstu áherslum og nýjum nefndum.
2	Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar : Stungið upp á Hrafnhildi Guðjónsdóttur, Helga Páli og Ólafi S.K. Þorvalds. Samþykkt. Kjörbréfanefnd lokið störfum. Ólafur S.K. Þorvaldz fór yfir kjörbréf fundarins Skautafélag Reykjavíkur. Fjöldi iðkenda: XX Fjöldi fulltrúa: 7 Selma Gísladóttir Elín Gautadóttir Ólafur S.K. Þorvaldz Sigríður Helga Sveinsdóttir Rut Hermannsdóttir Eva Dögg Benediktsdóttir Hrönn Þorgeirsdóttir Fjölur listskautadeil. Fjöldi iðkenda: XX Fjöldi fulltrúa: 6 Kristel Björk Þórisdóttir Eva Brá Hallgrímsdóttir Wakeska Giraldo Þorsteinsson Gunnar Traustason Helga Karen Pedersen Öspin listskautadeild. Fjöldi iðkenda: XX Fjöldi fulltrúa: 2 Helga Kirstín Olsen Helgi Páll Þórisson Skautafélag Akureyrar. Fjöldi iðkenda: XX Fjöldi fulltrúa: 3 Hrafnhildur Guðjónsdóttir Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir Ólöf Sólveig Björnsdóttir

3	Kosning þingforseta : Stjórn leggur til Valdimar Leó Friðriksson formann UMSK. Samþykkt. Þingið telst löglega boðað.
4	Kosning þingritara : Þingforseti leggur til Ingibjörgu Pálsdóttur. Samþykkt.
5	Skýrsla stjórnar lögð fram : Guðbjört Erlendsdóttir leggur fram skýrslu stjórnar. Fer yfir störf nefnda og fyrirkomulag. Ferðir þjálfara og skautara. Þróunarverkefni á vegum ÍSS. Mótahald á Íslandi og breytingar. Gott gengi íslenskra skautara á síðasta ári er mikið fagnaðarefni fyrir þessa íþrótt.
6	Endurskoðaðir reikningar ÍSS lagðir fram : Guðrún Margrét Hannesdóttir gerir grein fyrir ársreikningum.
7	Umræður og samþykkt reikninga og skýrslu stjórnar: Sigríður Helga, SR, spyr um kostnað varðandi kostnað við flug. Meiri kostnaður varðandi mót og grunnpróf, sem væri flug vegna dómara og tækni aðila, fellur í þennan lið . Mesta tap ársins er vegna móta. Elín Gautadóttir, SR, spyr varðandi val á flugi með verð í huga, hvort það hafi verið athugað. Spyr einnig varðandi mótatekjur af hverju svona mikil lækkun sé. Guðbjört svarar að um sé að ræða mikla fækkun keppenda sem sé svarið. Borið undir samþykkt. Reikningar samþykktir samhljóða.
8	Ávarp gesta: Viðar Garðarson frá ÍSÍ talar. Færir kveðjur frá ÍSÍ og forseta. Hann var formaður Skautasambands Íslands á árunum 1999-2002, en þá var skautasambandinu skipt í hlaupadeild og íshökkídeild, og lýsir yfir mikli hrifningu með starfið í dag og þær framfarir sem orðið hafa á starfsemi sambandsins síðan hann var. Mikill metnaður í starfinu og yfirbyggingunni allri. Einnig í árangri erlendis. Talaði um ánægjuvögina sem byrjað er að mæla í íþróttastarfinu almennt og skólustarfinu. Starf íþróttafélaga skiptir miklu máli þegar kemur að góðri líðan barna. Nefndi uppbyggingu á síðanefnd. Þetta er lítið samband og gæti verið erfitt að starfa með síðanefnd innan svo lítils samfélags. Taldi hollara að setja erfið mál út fyrir hreyfinguna í hendur á utanaðkomandi aðila eða nefnd. Nefnir fjármálin. Erfitt þegar lítið samband er rekið með tapi. Þarf að vera áhersla að ná í meira utanaðkomandi fé.

	Óskar til hamingju með kraftmikið og mikilvægt starf sérstaklega það erlenda. Fulltrúi formanns Mótanefndar, Inga Þóra Ingvarsdóttir ritari, heiðrar sjálfboðaliða. Það er hún Þóra Gunnarsdóttir sem fær viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þágu mótamála. Þóra Gunnarsdóttir tekur til máls. Talar um skautahefð á Íslandi sem er ekki ný. Skautasaga skautahlaups er vel skráð af félögum sem tóku þátt í henni. En mikið starf hefur verið að grafa upp þessar heimildir og skrásetja þær á einn stað. Hún færir ÍSS bókagjafir frá þeim félögum sem hafa skrásett sögu skautahlaups.
9	Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram: Guðrún Hannesdóttir leggur fram fjárhagsáætlun ársins 2020, í fjarveru Stefáns Hjaltalín gjaldkera. Fjárhagsáætlun fer fyrir nefnd. Elín Gautadóttir, SR, bendir á að ekki séu réttar tölur fyrir 2019. Stuðst var við áætlun 2019 sem þarf að breyta og setja inn rauntölur. Verður gert í hléi. Vísað í Fjárlaganefnd.
10	Kosning þingnefnda: Þingforseti leggur til: Guðrún Margrét Hannesdóttir í formann fjárlaganefndar Ingibjörg Pálsdóttir í formann Laganefndar Guðbjört Erlendsdóttir í formann Afreks- og Allsherjarnefndar Samþykkt samhljóða.
11	Lagabreytingatillögur: Ingibjörg Pálsdóttir gerir grein fyrir lagabreytingum og rökstuðningi á bak við þær. Vísað í Laganefnd.
12-13	Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir: Guðbjört talar um breytingar á afreksstörfum. Nánast öllum markmiðum náð sem voru sett fyrir 2021 og 2022. Því þurfti að endurskoða afreksstefnuna með 2ja ára markmið í huga. María Fortescue spyr um kostnaðar prósentu í tillögum. Hvað hún þýðir, þ.e. hlutfall kostnaðar sem fellur á skautara. Engar aðrar tillögur hafa borist.
14	Nefndir starfa

15	Nefndir gera grein fyrir störfum sínum Fjárlaganefnd: Guðrún Margrét gerir grein fyrir niðurstöðum nefndar. Gott starf sem unnið hefur verið. Engar athugasemdir og leggur nefndin til að áætlun sé samþykkt. Laganefnd: Ingibjörg gerir grein fyrir niðurstöðu nefndar. Þar var ein grein sem ekki var samstaða um en ákveðið að leggja hana fyrir fundinn. Allsherjarnefnd. Guðbjört gerir grein fyrir starfi. Nefndin leggur til að tillögur verði samþykktar. Borið upp í heilu lagi.
16	Umræður um töllögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær Allsherjarnefnd Afrestsstofna borin upp í heilu lagi Samþykkt samhljóða Laganefnd Valdimar ber breytingar undir fundinn. Ákveðið var að bera fyrst fram lagabreytingarnar sem fela í sér breytingar á orðalagi. Geyma efnislegu breytingarnar þar til eftir það. 2. grein Aðild að ÍSS ÍSS er samband íþróttafélaga. Öll þau íþróttafélög innan ÍSí sem hafa innan sinna vebanda deildir er iðka, æfa og keppa í skautaíþróttum sbr. 1. gr. geta orðið aðilar að ÍSS. samþykkt 3. grein Tilgangur og markmið ÍSS 1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi sbr. 1. grein. 2. Að vinna að eflingu skautaíþróttar í landinu. 3. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa mótum, skrá afrek og staðfesta met. 4. Að koma fram hérlandis og erlendis fyrir hönd skautaíþróttar rinnar á Íslandi. 5. Að sjá um að reglur ÍSS séu í samræmi við alþjóðareglur ISU.

6. Að vera í forsvari fyrir skautaíþróttir~~na~~ innan vébanda ÍSí.
7. Að halda námskeið fyrir þjálfara, dómara- og tæknifólk.

samþykkt

6. grein

Tímasetning og boðun

Skautaþing skal haldið árlega í apríl eða maí. Boða skal til skautaþings opinberlega með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Tilkynning á heimasíðu ÍSS telst sem opinber birting. Fundarboðið skal senda þeim ~~aðilum~~ aðildarfélögum sem eiga rétt á fulltrúum á þingið.

Stjórn ÍSS ákvarðar fundarstað.

Skautaþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað sbr. 1. mgr.

samþykkt

7. grein

Kjörnefnd

Hvert aðildarfélag á sæti í kjörnefnd og skal hún taka til starfa 1. febrúar ár hvert.

Hlutverk kjörnefndar er að taka á móti framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS og starfar hún samkvæmt reglugerð um kjörnefnd. Kjörnefnd skal auglýsa framboðsferst opinberlega.

Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir skautaðing. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum ~~sambandsaðilum~~. Hafi ekki næg framboð borist er leyfilegt að bjóða sig fram á þingi.

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarsetu í stjórn ÍSS mega ekki hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæði XXII. kafla almennra hegningalaga nr. 19/1940 eins og kveður á í lögum ÍSí 2. kafla 5a.

Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍSS geta ekki jafnhliða verið stjórnarmeðlimir aðildarfélaga, né virkir iðkendur eða starfsmenn viðkomandi aðildarfélaga.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

samþykkt

8. grein

Dagskrá

~~Aðilar~~ Aðildarfélög að ÍSS, sbr. 2. grein, skulu tilkynna ÍSS minnst þremur vikum fyrir þing um málefni sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu.

Stjórn ÍSS skal tilkynna aðildarfélögum sambandsaðilum skriflega dagskrá þingsins, efni tillagna sem ræða á á þinginu ásamt framboðum sem borist hafa í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem koma fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélögum sambandsaðilum. Þetta á þó ekki við um lagabreytingar.

samþykkt

10. grein

Aukaþing

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila aðildarfélaga óskar þess. Boða skal til aukaþings með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar né kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt skautaðing.

Fulltrúafjöldi ~~íprótta~~aðildarfélaga á aukaþingi skal vera sá sami og þau höfðu á síðasta skautaðingi sem haldið var.

samþykkt

12. grein

Skipun stjórnar

Stjórn ÍSS skipa fimm einstaklingar og tveir til vara sem kosnir eru á skautaðingi. Formaðurinn er kosinn sérstaklega, en aðrir skipta með sér embættum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Varastjórn er kosin sérstaklega.

Forfallist formaður eða hætti á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans fram að næsta skautaðingi.

Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á sléttu ártali skal kjósa ~~formann~~, tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann.

Bráðabirgðaákvæði: Á skautaðingi ársins 2020 skal formaður kosinn til eins árs, eftir það alltaf til tveggja ára í senn.

Til að hljóta kosningu til formanns þarf hreinan meirihluta atkvæða. Náist ekki meirihluti atkvæða skal kjósa aftur um tvö efstu framboðin. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða nema fundurinn samþykki aðra tilhögun

samþykkt

13. grein

Hlutverk og verkefni stjórnar

Hlutverk stjórnar ÍSS er í samræmi við markmið þess og er eftirfarandi:

1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi milli skautapinga og framkvæma ályktanir skautapings.
2. Að vinna að eflingu skautaíþróttar ~~innar~~ í landinu.
3. Að gefa út leikreglur og reglugerðir fyrir skautaíþróttir ~~na~~ sem jafnframt eru í samræmi við alþjóðareglur ISU.
4. Að senda ÍSí og ISU lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
5. Að aðstoða og hafa eftirlit með að aðildarfélög fari eftir viðurkenndum lögum og leikreglum.
6. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
7. Að ráða niður og ákveða stað og tíma sambandsmóta.
8. Að úthluta þeim styrkjum til skautamála sem ÍSS fær til umráða.
9. Að koma fram hérlandis og erlendis fyrir hönd skautaíþróttar ~~innar~~.
10. Að halda regluleg námskeið fyrir þjálfara, dómara og tæknifólk.

Að auki skal stjórn velja fulltrúa á Íþróttaping ÍSí, skv. lögum ÍSí. Stjórnin hefur heimild til að ráða launaða starfsmenn og gera við þá ráðningarsamninga.

Formaður ÍSS boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um, séu gildar þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundi. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. formaður ásamt tveimur stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda reglulega. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Auk þess skal kalla saman stjórnarfundi, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

samþykkt

14. grein

Nefndir ÍSS

Eftirfarandi fastanefndir skulu starfa innan ÍSS:

- Mótanefnd
- Afreksnefnd
- Laganefnd
- Dómara- og tækninefnd
- Þjálfunar- og fræðslunefnd

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni. Stjórn ÍSS skipar formenn fastanefnda til eins árs í senn skv. reglugerð viðkomandi nefndar sem stjórn ÍSS setur.

~~Stjórn ÍSS skipar formenn nefnda.~~ Stjórn og formenn viðkomandi nefndar skipa aðra nefndarmenn.

Afreksnefnd ásamt dómara- og tækninefnd skulu eingöngu skipaðar fólki með fagþekkingu á íþróttinni. Nefndarmenn í afreksnefnd skulu ekki koma að þjálfun iðkenda sem nefndin fjallar um eða á afreksstigi. Nefndir skulu starfa samkvæmt reglugerðum. Nefndir hafa ekki sérstakan fjárhag en hafa ákvörðunarvald og bera ábyrgð á verkefnum.

Ábyrgðin er á nefndum en með samþykki stjórnar ÍSS og því getur stjórn ÍSS krafist nánari útskýringa á niðurstöðum nefnda.

Starfstímabil fastanefnda er samkvæmt reglugerð.

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa áheyrnarfulltrúa í öllum nefndum á vegum sambandsins.

Samþykkt

15. grein

Verkefni fastanefnda

Nefndir skulu starfa samkvæmt starfslýsingum í reglugerðum er varða hverja nefnd.

Helstu verkefni fastanefnda ÍSS skulu vera sem hér segir:

- **Mótanefnd** hefur yfirumsjón með framkvæmd ÍSS móta og skal hafa eftirlit með framkvæmd annarra skautamóta og fylgja eftir að þau séu í samræmi við útgefnar móta- og keppnisreglur.
- **Afreksnefnd** vinnur samkvæmt útgefinni afreksstefnu ÍSS og skal sjá um val í landsliðsverkefni sem og skautara ársins ásamt verkefnum sem snúa að afreksskauturum.
- **Laganefnd** skal vinna að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS til samræmingar og/eða leiðréttingar.
- **Dómara- og tækninefnd** ber ábyrgð á málefnum er varða leikreglur um dómaramál og dómgæslu.
- **Þjálfunar- og fræðslunefnd** sér um menntun fagfólks á sviði þjálfunar og almenna fræðslu íþrótta~~nnarinnar~~.

Að auki geta nefndir ályktað um einstaka málefni er upp gætu komið á starfstíma þeirra

samþykkt

IV. Kafli ~~Sambandsaðilar~~ Aðildarfélög ÍSS

samþykkt

17. grein

Skil á skýrslum

Ársskýrslur og ársuppgjör ~~sambandsaðila~~ aðildarfélaga ÍSS skulu berast á tölvutæku formi til ÍSS fyrir 15. apríl ár hvert.

samþykkt

20. grein

Aðalfundir aðildarfélaga

~~Sambandsaðilar~~ Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn ÍSS um aðalfundi sína með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Stjórn ÍSS og starfsmenn sambandsins hafa rétt til að sitja aðalfundi aðildarfélaga.

samþykkt

25. grein

Sambandsslit

Tillögur um að leggja ÍSS niður má aðeins taka fyrir á lögmætu skautapingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða viðstaddra skráðra fulltrúa. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum ~~sambandsaðilum~~ aðildarfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan láttin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt aftur með 3/4 hluta atkvæða, er það fullgild ákvörðun um að leggja ÍSS niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum ÍSS; en þeim má aðeins verja til eflingar skautaiþróttar í landinu.

samþykkt

5. grein

Valdsvið og fulltrúar

Skautaping fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda skautaiþróttar~~innar~~, sbr. 2. grein. Virkir iðkendur teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þing. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:

1. Fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar.

2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 ~~eða 1 fyrir hverja næstu 50~~ eða brot úr 50.

Þó getur eitt aðildarfélag ekki átt meira en 5 fulltrúa á hverju þingi fyrir sig.

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur innan sinna vébanda ~~deildir eða~~ félög er iðka, æfa og keppa í skautaiþróttum sbr. 1. gr, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sársambandsþingi til viðbótar við fulltrúa aðildar félaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.

Á skautaþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn ÍSS, varastjórn og skoðunarmenn ársuppgjors.
2. Framkvæmdastjórn ÍSí.
3. Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSí.
4. Nefndarmenn ÍSS.
5. Forseti ÍSí.

Ef ástæða þykir getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum þingsetu.

Orðalag samþykkt samhljóða

Fulltrúafjöldi ákvæðið. Umræður skapast um þessa tillögu. Rætt um tilganginn með þessu ákvæði. Talað um hvað önnur sársambönd gera. Helga Olsen talar um sérstöðu asparinnar. Þóra Gunnarsdóttir nefnir að aðildarfélög borga sitt óháð stærð.

Ætkvæði skiptast svo:

Samþykkt = 10

Fellt = 7

Situr hjá = 1

Tillaga felld.

Formaður stingur upp á því að þessi tillaga fari í millipinganefnd. 1 fulltrúi frá hverju félagi fer í þá nefnd og svo verður nýr formaður með í þessari nefnd.
Kosið samþykkt.

12. grein

Skipun stjórnar

Stjórn ÍSS skipa fimm einstaklingar og tveir til vara sem kosnir eru á skautaþingi. Formaðurinn er kosinn sérstaklega, en aðrir skipta með sér embættum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Varastjórn er kosin sérstaklega.

	Forfallist formaður eða hætti á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans fram að næsta skautabingi. Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á sléttu ártali skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa <u>formann</u>, tvo aðalmenn og einn varamann. <u>Bráðabirgðaákvæði: Á skautabingi ársins 2020 skal formaður kosinn til eins árs, eftir það alltaf til tveggja ára í senn.</u> Til að hljóta kosningu til formanns þarf hreinan meirihluta atkvæða. Náist ekki meirihluti atkvæða skal kjósa aftur um tvö efstu framboðin. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða nema fundurinn samþykki aðra tilhögun. Samþykkt Þingforseti ber lögin öll upp með áorðnum breytingum. Samþykkt. Fjárhagsnefnd; Fjárhagsáætlun 2020 lögð fram óbreytt Samþykkt samhljóða
Önnur mál	
17	Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar (skv. 10.gr. laga) Kosið er um: Formann, tvo aðila í stjórn og tvo varamenn Formaður: Svava Hróðný Jóhannsdóttir. Sjálfkjörin formaður ÍSS. Tveir aðilar í aðalstjórn Sigríður María Fortescue og Þóra Sigríður Torfadóttir. Sjálfkjörnar Tvo varamenn, annan til eins árs og hinn til tveggja ára Jóhanna Helga Þorkelsdóttir. Kosin til 2ja ára. Samþykkt Hulda Líf Harðardóttir. Til eins árs. Samþykkt.
18	Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga: Jóna Jónsdóttir og Heba Finnsdóttir Samþykkt.

20	Þingslit Svava talar frá Sviss veitir, fyrir hönd stjórnar, Guðbjörtu Erlendsdóttur Gullmerki ÍSS, fráfarandi formanni. Guðbjört þakkað fyrir sig og þakkaði fyrir góðan tíma. Fráfarandi stjórnarmeðlimir er kvaddir og þakkað fyrir með blómvendi. Þingi slitið kl.16:00
----	--